

Atvinnulíf til athafna

Hrund Rudolfsdóttir – framkvæmdastjóri
starfsþróunarsviðs Marels

Ég vil byrja á að þakka þessum fríða hópi sem hér fór á undan fyrir afar áhugavert innlegg í umræðuna um verðmætasköpun. Ég fékk hinsvegar það hlutverk að draga saman meginskilaboðin, sem er ekki auðvelt, því að mörgu er að huga.

Það sem slær mig fyrst er hvatningin sem í þeirra máli fólst, hvað við eigum í raun mörg tækifæri til að skapa verðmæti og velferð á Íslandi. Þau koma úr mörgum áttun en tengjast flest okkar ríkulegu orkuauðlindum, sjó eða stórbrotinni náttúru.

Annað sem einnig kemur skýrt fram er hvernig tækifærin verða til vegna margvíslegra tengsla á milli fyrirtækja og atvinnugreina, sem eru hinsvegar ekki alltaf augljós eða fyrirséð, oft leynast ótrúleg verðmæti í fyrirtækjum sem byrja smátt og vaxa framanaf í skugga stærri fyrirtækja, áður en þau taka á flug.

Í þriðja lagi, er ljóst að þetta eru eingöngu sýnishorn af íslenskri atvinnustarfsemi og fjarri því að geta talist tæmandi yfirlit. Til slíks hefðum við þurft miklu meira en einn seinnipart, en við hefðum vissulega líka getað fjallað um kraftmikla starfsemi íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja og leikjaiðnað, sem er í mikilli grósku, hönnun, eða öfluga ferðaþjónustu sem er forsvarsmönnum atvinnulífs eru nú sérlega hugleikin eins og sést í skýrslunni.

Við sjáum einnig hér að með fjölbreytni mannauði og aukinn fjölbreytni hafa mörkin milli einstakra atvinnugreina orðið óskýr og þessi hefðbundin sýn á aðskilda atvinnuvegi sem segir að þeir séu lítt háðir hver öðrum, er orðin úrelt. Í dag er nánast ógerningur að vita hvar einni atvinnugrein sleppir og önnur byrjar, enda skiptir það kannski ekki svo miklu að vita það þegar öllu er á botninn hvolft, er það?

Sem dæmi um þetta sjáum við fjölda fyrirtækja sem hefur sprottið úr sjávarútvegi en þjóna nú einnig öðrum greinum. Þó þau byggji afkomu sína eða rætur í einhverjum skilning á auðlindum sjávar verða þau vart flokkuð til sjávarútvegs. Marel er fyrirtæki sem byrjaði þannig, 66°Norður, Valka, og mörg fleiri.

Það er einnig rétt að ítreka að erindin hér á undan endurspeglar mikla breytingu atvinnulífs frá því sem áður var. Hefðbundið er að tala um þrjár stoðir; náttúru, orku og mannauð. En fjórða stoðin hefur bæst við undir okkar verðmætasköpun og efnahagslíf, sem er þekking og hugvit. Þetta er eðlileg og kannski nauðsynleg þróun í vestrænu ríki, þegar nýting auðlinda færir nær efri mörkum þess sem telst vinnanlegt, miðað við núverandi tæknistig.

Þegar maður horfir á þetta nýja landslag atvinnulífs er hægt að greina heildstæð kerfi, með tengslum milli fyrirtækja, atvinnugreina og stofnana. Þessum tengingum, sem er oft erfitt að skilgreina, hefur verið gefin margvísleg nöfn á borð við klasar, kjarnar, þyrpingar en meginþáttur hennar er að hún er sjálfsprottin. Það er erfitt að stofna til hennar eða stýra með formlegum hætti t.a.m. af hálfu stjórnvalda. Þeirra hlutverki sleppir þegar góð skilyrði til rekstrar hafa verið mótuð. Þessir klasar fyrirtækja skapa heild sem vegur þyngra en samanlögð vigt allra þeirra fyrirtækja sem þeim tilheyra. Grunnurinn að þessu er einskonar smit sem á sér

Viðskiptaþing 2011

stað þegar þekking úr einni grein, t.d. á verkferlum, tækninýjungum eða í markaðsmálum, flyst yfir til annarra greina. Við sjáum mörg merki þessarar klasamyndunar í erindunum hér að framan.

Hérna komum við aftur að þeirri breytingu á hugsunarhætti sem verður að eiga sér stað og getur haft mikil áhrif á framþróun íslensks atvinnulífs. Atvinnuuppbyggingu verður að skoðast sem hluti af stærra samhengi. Séu rekstrarumhverfi og aðstæður hagfeldar verða til klasar fyrirtækja og stofnana sem búa yfir þekkingu á tilteknu sviði. Frændur okkur Danir eru snjallir í þessu og hafa t.a.m. náð að hlúa að nokkrum slíkum klasamyndunum á Jótlandi, sem hefur gjörbreytt þeirra landslagi í atvinnumálum og myndað gott mótvægi við Kaupmannahafnarsvæðið. Fyrirtækin styrkja hvert annað innbyrðis auk þess sem öflugt starf klasans á viðkomandi sviði laðar að sér sérhæft vinnuafli, sem aftur kallar á aukið samstarf við háskóla.

Ávinningurinn er margvíslegur, en Michael Porter upphafsmaður hugmynda um klasa í atvinnulífi og höfundur þessarar myndar, hefur bent á að klasasamstarf auki framleiðni fyrirtækja innan klasans, eflí nýsköpun og stuðli að stofnun fyrirtækja. Porter hefur einnig lagt áherslu á að hlutverk hins opinbera er að sjá til þess að góð umgjörð rekstrar sé til staðar. Klasar verða svo til, fyrir tilstuðlan áræðinna einstaklinga og kraftmikilla fyrirtækja.

Það sem líka má lesa úr erindum dagsins er verðmæti þekkingar og reynslu. Formleg menntun er mikilvæg en önnur reynsla ekki síður, bæði af því sem gengur vel og illa. Gott dæmi um þetta er sagan af OZ sem var saga sigra og ósgra. OZ náði ekki að blómstra á Íslandi og óhætt að segja að styr hafi staðið um félagið á síðustu árum þess hérlendis. En sagan er ekki búin, því sú öfluga verkþekking og alþjóðlega sjónarhorn sem varð til þar, nýtist nú í fjölda fyrirtækja, bæði hérlendis og erlendis, og segja má að hjá OZ hafi verið sáð fræjum sem síðar urðu að blómlegum rekstri og verðmætum á Íslandi.

Hversu sæt eða súr sagan af OZ er í hugum fólks er vert að staldra við hana, því hún getur gefið okkur vísbendingar um hvernig við nálgumst áföll eins og íslenska bankahrunið, þó það sé vissulega ekki að öllu leyti sambærilegt við sögu eins fyrirtækis. Því verður ekki andmælt að á uppgangstíma íslenska fjármálakerfisins varð til dýrmæt reynsla af fjármálum og alþjóðlegri atvinnustarfsemi. Einnig er ljóst að hvernig okkur auðnast að vinna úr hruninu mun ákvarða hvort og hvernig sú þekking nýtist til framtíðar verðmætasköpunar á Íslandi. Þetta er til umhugsunar um það hvernig við nálgumst umræðuna nú, oft á óvæginn hátt, en í öllu falli er óhætt að segja að óhóflega dýr lexía íslenska bankahrunsins verður okkur enn dýrari ef ekki verður leyfilegt að læra af henni og nýta þau verðmæti sem standa eftir í reynslu fólks og þekkingu.

Reynsla og þekking er verðmæt, samfélagsleg eign sem verður til með samvinnu og samstarfi. Og eins og fram kom í máli Tómasar hér á undan þurfum við að hlúa að henni og rækta, í samstarfi fyrirtækja, atvinnulífs og stjórnvalda.

Þetta gerum við meðal annars með því að tryggja að á Íslandi sé eftirsóknarvert að búa. Þegar horft er til hagþróunar síðustu áratuga má sjá aukið vægi verslunar og þjónustugreina. Þetta er mikilvæg þróun, því bæði er atvinnugreinin mikilvæg og hún gerir það verkum að það er gott að búa á Íslandi. Hér eru allar almennar aðstæður til búsetu töluvert umfram það sem ætla mætti í jafn litlu og einangruðu hagkerfi og Ísland er. Við fórum hratt yfir í þróuninni og sumir segja að við séum nýkomin úr moldarkofanum. Og það er satt. Mamma mín bjó í torfbæ á Vestfjörðum fram til sex ára aldurs og ég veit að afi minn, sem sótti lífsbjörgina fyrir fjölskylduna út fyrir Látrabjarg í öllum veðrum hefði hnussað yfir mörgum okkar umkvörtunum nú.

Viðskiptaþing 2011

Samfélagið eins og það er nú með fjölbreyttu vöruúrvai, samgöngum, erlendum samskiptum, aðgengi að menntun, heilbrigði, menningu og afþreyingu – hér búum við við aðstæður sem eru eingöngu forréttindi fárra þjóða. Aðstæður, sem draga að öflugt fólk. Það sem við þurfum að tryggja þessu til viðbótar, eru atvinnutækifærin. Þar liggur etv hundurinn grafinn, hvar er þau að finna?

Þessi hópur hér í salnum ætti að vera með puttann á púlsinum, við skráningu voru þið öll spurð hvar þið telduð að stærstu tækifærin myndu felast á næstu 10 árum. Þetta er ykkar svar!! Tækifærin virðast óþrjótandi, þrátt fyrir áföll undanfarinna ára. Skemmtilegar niðurstöður sem undirstrika sömu mynd og nímenningsarnir hér á undan drógu upp fyrir okkur. Forsenda slíkrar nýtingar er hins vegar heilbrigt umhverfi til atvinnurekstrar. Tækifæri morgundagsins felast í því að okkur takist að skapa umhverfi sem hvetur til framtakssemi, verðmætasköpunar og atvinnureksturs.

Þær áherslur Viðskiptaráðs sem hér birtast skapa slíkt umhverfi. Áherslur á góða stjórnarhætti, jafnt í viðskiptum sem hjá hinu opinbera, áherslu á stækkun einkageirans til stuðnings hagvexti, samkeppnishæft starfsumhverfi í alþjóðlegum skilningi og skilvirka nýtingu opinberra fjármuna.

Ég er sannfærð um að verði þeim fylgt, verður atvinnulífið reiðbúið til athafna

Með þeim orðum lýk ég þessari samantekt, þar með lýkur formlegri dagskrá Viðskiptaþings. En við höldum áfram með öðru formi og í umboði fundarstjóra langar mig að biðja ykkur um að stíga fram, njóta góðra veitinga, spjalla um tækifærin og treysta tengslin.

Hrund Rudolfsdóttir

Framkvæmdastjóri starfsþróunarsviðs Marels